

**Nd.**

**1367. Frumvarp til laga**

**[509. mál]**

um breyting á lögum nr. 34/1979, um veðdeild Búnaðarbanka Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd., 19. júní.)

1. gr.

1. mgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Til tryggingar vaxtabréfum og öðrum skuldbindingum deildarinnar er:

1. veðskuldabréf þau, er veðdeildin fær frá lántakendum,
2. varasjóður deildarinnar,
3. ábyrgð Búnaðarbankans.

2. gr.

1. tölul. 5. gr. laganna orðist svo:

Að veita lán gegn veði í jörðum og hvers konar fasteignum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.